

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 8. janúar 2026

Mál nr. S-62/2025:

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

(Sigurður Hólmur Kristjánsson lögreglustjóri)

gegn

X og Y

(Pétur Kristinsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað með ákæru lögreglustjóra, dags. 1. júlí 2025, á hendur X, kt. [...], [...], og Y, kt. [...], einnig til heimilis að [...].
- Dómarinn sem fer með málið tók við meðferð þess 1. september 2025 en hafði engin afskipti af því fyrir þann tíma.
- Í ákæru segir að málið sé höfðað „[g]egn ákærðu X fyrir eignaspjöll og brot gegn vopnalögum með því að hafa, föstudaginn 14. júní 2024, utandyra, skammt frá/við æðavarp í landi A í B, án þess að hafa endurnýjað skotvopnaleyfi sitt, sem rann út 8. janúar 2024, skotið að minnsta kosti einu skoti úr haglabyssu, af tegundinni Franchi nr. [...], að hundinum Z, af íslensku fjárhundakyni, eign D, kt. [...], og fjölskyldu, þar sem Z hljóp meðfram klettum í átt að æðarvarpinu, og lentu skotin í Z með þeim afleiðingum að hún fékk sár sem leiddu hana til dauða.

Telst brot ákærðu varða við 1. mgr. 13. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða X verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist með vísan til 1. og 2. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998, sbr. einnig 1. mgr. 69. gr. a og 1. mgr. 69. gr. f almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ákærð[u] og Y verði gert að sæta upptöku á haglabyssu af tegundinni Franchi nr. [...] (munur númer 638131) sem er skráð í eigu Y.“

4. Ákærða X krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Ákærði Y krefst sýknu af kröfu ákæruvaldsins um upptöku á haglabyssu af tegundinni Franchi nr. [...]. Þá krefjast ákærðu þess að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda ákærðu. Til vara er þess krafist að ákærða X verði dæmd til vægustu refsingar sem lög heimila. Til vara er þess einnig krafist að í stað upptöku á haglabyssunni Franchi nr. [...] verði gerð upptæk fjárhæð sem svarar til andvirðis hennar í heild eða að hluta.

Helstu málsatvik

Lögregluskýrslur

5. Í lögregluskýrslu, dags. 26. júní 2024, kemur fram að 14. þess mánaðar hafi lögreglu verið tilkynnt að heimilishundurinn á sveitabænum E, íslenskur fjárhundur, hefði verið aflífaður með skotvopni af hendi ákærðu X. Tilkynnendur hafi sagt hana halda til í hjólhýsi við A, þar sem hún gæti æðarvarps. Aðspurð hafi þau sagt ákærðu hafa afhent þeim hundinn í svörtum plastpoka.
6. Meðal þeirra sem tilkynntu um atvikið var einn af eigendum hundsins, F. Í skýrslunni er haft eftir henni að hundinum hafi verið hleypt út á E um kl. 8 um morguninn. Aðspurð sagði hún að hundurinn hefði verið eftirlitslaus í um það bil 10 mínútur og verið farinn frá bænum þegar þau athuguðu með hann. Hún hafi leitað að hundinum til kl. 10 en hafi þá látið G bróður sinn vita að hann væri týndur, þar sem hún þurfti að fara til vinnu. G hafi tekið við leitinni og hundurinn fundist um kl. 13, eftir að ábúandi á A hafði tilkynnt um að búið væri að aflífa hann. Á A hafi G hitt ákærðu og hún rétt honum hundinn dauðan í plastpoka og sagt að ef hann hefði komist í æðarvarpið hefði hann getað valdið miklu tjóni. Aðspurð sagðist F ekki vita til þess að hundurinn hefði verið búinn að vera til vandræða þegar kom að æðarvarpinu á A en sagði hundana stundum strjúka frá E og hlaupa með strandlengjunni á I.
7. Í sömu lögregluskýrslu er haft eftir ákærðu að hún hafi séð tvo hunda koma frá E. Hún hafi talað við ábúendurna þar um að hundarnir þeirra gætu ekki verið lausir úti þegar æðarvarpstímabilið hæfist. Ákærða hafi verið inni í hjólhýsi þegar hún hafi séð tvo hunda koma hlaupandi meðfram klettunum í átt að æðarvarpinu. Hún hafi aflífað annan hundinn með haglabyssu við klettana fyrir neðan hjólhýsið um kl. 9:30. Hún hafi sagst ekki geta sleppt hundi lausum inn í æðarvarpið því það gæti valdið miklu tjóni. Áður hafi hún séð sama hund fara inn í varpið og þá hafi hann fælt æðarkollurnar út í sjó.

8. Hinn 24. júní 2024 kærði ákærða lausagöngu hunda frá E og gaf skýrslu við það tilefni. Þar kvað hún hundana alltaf hafa verið „úti um allt“, komandi til þeirra á A og á I. Í fyrra hefðu þeir hlaupið niður æðarvarpsgirðinguna sunnan megin og hreinsað út allt varpið og allur fugl hefði þá flogið út í sjó. Hundarnir hafi valdið miklu tjóni hjá nágranna þeirra og enginn fugl sé lengur meðfram girðingunni sem þeir hlupu niður. Þá kvað hún oft hafa sést til hunda frá E fara tiltekna leið inn í varpið. Talað hafi verið alvarlega við eigendur hundanna áður en varpið byrjaði. Sést hafi til hundanna hlaupa inn í varpið eftir að friðlýsing tók gildi 15. apríl. Fyrir um 10 dögum hefði sést til hundanna hlaupandi meðfram ströndinni og þeir hefðu stefnt inn í varpið þegar útungun var í fullum gangi, á allra versta tíma.
9. Ákærða kvaðst hafa reynt að stöðva tíkurnar í umrætt sinn með því að kalla á þær. Þær hafi numið staðar og hún „skammað þær heim“. Önnur tíkin hafi þá snúið við en hin haldið áfram á fullri ferð að varpinu. Það eina sem hún hafi getað gert hafi verið að skjóta á eftir henni. Haft er eftir ákærðu að verulegt tjón hefði getað orðið ef tíkin hefði náð að hlaupa í varpið á þessum tímapunkti. Ákærða kvað þau hafa verið í hálfgerðri gíslingu allt æðarvarpstímabilið, sérstaklega á daginn, vegna þess að þau hefðu alltaf verið að hugsa um þessar tíkur, að þær kæmu hlaupandi. Ákærða kvað þau sitja þarna allar nætur í sjö vikur og allan sólarhringinn, svo þau hefðu ekki einu sinni þorað að fara frá á daginn. Æðarvarpið sé friðlýst. Ákærða kvað hundana hafa verið komna inn fyrir girðingu sem afmarkar æðarvarpið, inn á friðlýsta svæðið.
10. Í sömu skýrslu er haft eftir ákærða Y að ef hundarnir kæmst inn í varpið væru þeir fastir inni í því og kæmst ekki út nema við árbakkann að norðanverðu. Hlypu þeir inn í varpið yrði tjónið „svaðalegt“.
11. Ákærða X gaf enn fremur skýrslu hjá lögreglu 11. október 2024. Þar kom hún því á framfæri að fyrir misskilning hefði hún greint frá því við skýrslutöku 24. júní það ár að hundarnir hefðu ekki verið komnir inn á friðlýsta svæðið. Við frekari ígrundun hafi hún séð að þeir hafi verið komnir langt inn á það.
12. Loks kom hún frekari atriðum á framfæri við skýrslutöku hjá lögreglu 28. október sama ár. Þá kvaðst hún vilja koma því á framfæri, ákærðu til málsbóta, að þau hefðu verið nýbúin að fá skírteini og í vopnalögunum hefði staðið að alltaf þegar ný vopn væru skráð skyldi endurnýja skotvopnaleyfið. Réttara hefði verið ef staðið hefði að endurútgefa skyldi skotvopnaskírteinið. Ákærða kvað þó mögulegt að búið væri að breyta orðalaginu

í lögnum. Þau hafi talið sig vera „í góðum málum“ og 10 ár eftir af gildistímanum. Auk þess noti þau byssurnar aldrei nokkurn tímann nema til að verja æðarvarpið.

13. Í skýrslu D, eiganda hundsins, dags. 26. júní 2024, sagði hún aðspurð um hugsanlegar ástæður þess að hundurinn hefði verið skotin að þau hafi fengið skilaboð um að tíkin hefði verið á leið að varpinu. Aðspurð um hvort þau hefðu fengið einhverjar tilkynningar eða kvartanir vegna lausagöngu hundsins kvað hún hundinn stundum hafa farið meðfram sjónum á I en hún hefði ekkert farið í vor, heldur væri hún bundin heima á meðan varpið stæði yfir, en svo hefði „þetta gerst hjá krökkunum“. Aðspurð kvaðst hún gera kröfu um að ákærðu X yrði refsað lögum samkvæmt.

Önnur gögn málsins

14. Æðarvarpið sem um ræðir var friðlýst með auglýsingu, dags. [...], sem birt var í Lögbirtingablaðinu [...]. Þar er um friðlýsinguna vísað til 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 252/1996. Fram kemur að friðlýsingin gildi í 10 ár frá birtingu auglýsingarinnar, á tímabilinu frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert. Friðlýsingin felir m.a. í sér að innan hins friðlýsta svæðis sé öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda.
15. Af hálfu ákærðu hefur verið lagt fram efni úr ritinu *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*, sem kom út árið 2001 undir ritstjórn Jónasar Jónssonar. Þar kemur fram að æðarfugl sé langlífur og talið sé að kollurnar verpi að jafnaði í 10–20 ár, með 3–5 egg í hreiðri til jafnaðar. Sú ævilengd og frjósemi ætti að margfalda stærð stofnsins á skömmum tíma. Menn hafi því lengi gert sér grein fyrir því að fuglinn verði fyrir gríðarlegum afföllum og að vanhöldin verði af ýmsum orsökum. Æðarbændum sé það kappsmál að draga úr þessum vanhöldum, eftir því sem það frekast geti verið í þeirra valdi og í þeirri von að það geti orðið til þess að stofninn stækki og varpið aukist. Hverjum bónda fyrir sig sé eðlilega efst í huga að styrkja og verja sitt varp og þar með styrkja þann hluta stofnsins sem þar eigi sér óðal. Þeir hafi enda af því reynslu að sömu kollurnar verpi þar ár eftir ár. Þeir hafi einnig af því reynslu að þangað sæki fuglinn sem hann njóti verndar og fái frið. Hins vegar hafi margir þeirra af því bitra reynslu hvernig varp spillist og jafnvel hverfi ef í það komist illvígir vargar. Fjallað er sérstaklega um tjón af völdum „varga“ á borð við tófu, mink, eða örn og þess getið að oft sé því haldið fram að erfitt sé að sýna fram á áhrif þessara dýra á heildarstofn æðarfuglsins og að áhrifin kunni helst að vera dreifing varpsins og að það færist til. Með því væri þó aðeins hálf sagan sögð. Staðreynd

sé að þessi dýr hafi valdið eyðingu varps bæði í einstökum eyjum og á varpjörðum í landi og að lítil sárabót sé að því fyrir þá sem fyrir verði þótt fuglinn skili sér smám saman í varp annars staðar.

16. Í sama riti kemur fram að sú breyting hafi orðið frá byrjun 18. aldar, þegar hvergi var að finna varp á meginlandinu, að það sé nú allútbreytt í nær öllum landshlutum. Sýna megi fram á að þessi þróun, sem rekja megi allt til síðari hluta 19. aldar, hafi orðið fyrir tilvernað bænda á viðkomandi varpjörðum, og fyrst og fremst vegna þess að mönnum hafi tekist að bægja tófunni frá. Þess er getið að hundar og kettir geti valdið skaða á æðarvarpi og hafi gert það. Fuglinn óttist þessi dýr af eðlisávísun sinni, jafnvel þótt þau fari með friði. Því ætti ætíð að halda þeim frá varplöndum, enda hafi það sums staðar tíðkast á eyjajörðum að geyma hunda í landi yfir varptímann. Enn fremur segir að rétt sé að benda sérstaklega á hve óheppilegt það sé ef menn séu á ferð með hunda í námunda við æðarvarp – það sé alger óhæfa, svo ekki sé fastar að orði kveðið.
17. Í bréfi formanns Æðarræktarfélags Íslands, dags. 19. september 2024, kemur fram að æðarvarp sé viðkvæmt á varptíma og þess vegna njóti friðlýst æðarvarp sérstakrar lagalegrar verndar. Varpið sé sérstaklega viðkvæmt þegar ungar komi úr eggjum. Ef æðarkollan verði fyrir áreiti og fljúgi af hreiðri eigi ungarnir það til að hlaupa í allar áttir. Oft verði þá einn eða fleiri ungar eftir og geti drepist ef þeim er ekki komið á sjóinn. Æðarkollur leiti í skjól hjá æðarbændum, þrátt fyrir að vera villtur fugl. Ef ekki tekst að vernda varpsvæðið flytji þær sig annað og oft geti liðið mörg ár þar til þær byrja að verpa á svæði sem þær hafa yfirgefið, vegna áreitiss, sem sé mikið tjón fyrir æðarbónda. Það liggi í hlutarins eðli að hundar geti valdið tjóni í æðarvarpi.
18. Í ódagsettri yfirlýsingu H, sem lögð var fram af hálfu ákærðu, kemur fram að landareign hans, þar sem nokkrir tugir æðarkolla verpi og dúntekja fari fram, liggi að friðlýstu landi A. Síðustu árin hafi hann ítrekað séð tíkina sem ákærða skaut, ýmist á flakki um I, í landareign hans eða í og við æðarvarpið á A. Vorið 2022 hafi tíkurnar tvær hlaupið niður með girðingunni milli J og A á varptíma og rekið upp allar kollur sem þar verpa. Margar æðarkollur af A hafi þá flogið í sjóinn. Vorið eftir þetta atvik hafi varpið hans minnkað um helming. Ekkert hreiður hafi verið undir girðingunni lengur og mikið hafi vantað af hreiðrum við sjóinn. Truflunin af völdum hundanna hafi því haft mikil áhrif á afkomu varpsins.

19. Lögð hafa verið fram skilaboð sem gengu milli ákærðu og eiganda hundsins í apríl 2024. Hinn 21. þess mánaðar sendi ákærða eigandanum svohljóðandi skilaboð: „Tíkurnar ykkar voru að hlaupa í gegn um [svo] varpið og í áttina að I“.
20. Af hálfu ákærðu hefur verið lagður fram reikningur, dags. 24. júlí 2024, vegna sölu á æðardún. Samkvæmt honum voru þá 40 kg af hreinsuðum dún seld á 74.000 evrur. Þá voru 4 kg seld á rúmlega 7.500 evrur 18. desember sama ár. Jafnframt hafa af hálfu ákærðu verið lögð fram gögn þar sem fram kemur að verðmæti hvolps af þeirri tegund sem um ræðir í málinu nemi 350.000 krónum.
21. Á framlögðum ljósmyndum af skotvopnaskírteinum beggja ákærðu kemur fram að þau gildi til 8. janúar 2024 og taki m.a. til þess skotvopns sem um ræðir í málinu. Í skotvopnaskrá kemur fram að umrætt vopn hafi verið skráð 28. maí 2013. Jafnframt liggur fyrir leyfisbréf, dags. 7. maí 2018, en með því veitti embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu ákærða Y heimild til að eignast umrætt skotvopn. Núgildandi skotvopnaleyfi ákærða Y gildir til 2. júlí 2029. Skotvopnaleyfi ákærðu X mun einnig hafa verið endurnýjað eftir að atvik málsins áttu sér stað en lögð hefur verið fram ljósmynd af skotvopnaskírteini hennar með gildistíma til 13. mars 2025. Umrætt skírteini tók m.a. til þess skotvopns sem um ræðir í málinu.
22. Með bréfi Matvælastofnunar (MAST), dags. 5. september 2024, var ákærðu X tilkynnt um ákvörðun stofnunarinnar um að boða stjórnvaldssekt að fjárhæð 230.000 krónur á hendur henni vegna dráps hundsins. Af hennar hálfu var áformunum andmælt með bréfi, dags. 30. sama mánaðar.

Skýrslur fyrir dómnum

Skýrsla ákærðu X

23. Í skýrslu ákærðu X fyrir dómnum kom fram að í umrætt sinn hafi hún verið í hjólhýsinu að vakta æðarvarpið. Hún hafi þá séð tíkurnar koma og strax hlaupið út. Hún hafi kallað á þær og skammað þær heim. Önnur hafi snúið við en litla tíkin hlaupið í átt að æðarvarpinu. Útungun hafi verið í fullum gangi og um 3.000 kollur á hreiðrum. Hún hafi skotið hundinn til að afstýra því að hann ylli skaða. Hún hafi vitað að umrædd tík væri frá E þar sem hún hafi oft komið þangað áður. Hún kvað það alltaf valda skaða ef kollur fari af eggjum og kannski komi þær ekki aftur ef þær fari af þeim.
24. Aðspurð um hvert tjónið hefði getað orðið ef tíkin hefði fengið að halda áfram inn í varpið kvað hún það vera erfitt að segja til um það. Það hafi tekið þau 10 ár að tvöfalda

varpið með því að passa það í átta vikur, en að slíkt byggist á því að kollurnar fái algjöran frið. Kolla sem verði fyrir svona truflun komi ekki aftur á sama stað næsta ár. Aðspurð um árstekjur af dúninum kvað hún þær hafa farið upp í 12 milljónir króna en þær hafi farið hækkandi þar sem engin truflun hafi verið. Þá kvað hún það ekki vera unnt að verja æðarvarp án byssu.

25. Aðspurð kvaðst hún alltaf hafa látið eigendur hundanna vita af ferðum þeirra við varpið nema ef þeir hlýddu sjálfir. Hún hafi beðið eigendurna um að passa upp á hundana.

Skýrsla ákærða Y

26. Ákærði Y kvaðst hafa frétt af atvikinu umræddan morgun. Aðspurður um hvert tjónið hefði getað orðið ef tíkin hefði komist inn í varpið kvað hann ekki vera hægt að segja til um tiltekna krónutölu. Varpið hafi vaxið um helming á 10 árum og uppbygging þeirra á því hafi byggst á því vakta það stöðugt yfir varptímamann og koma í veg fyrir truflun. Þá kvað hann það vera til þess fallið að valda heilmiklu tjóni ef hundur komist inn í varpið en eigi ekki greiða leið þaðan út aftur, eins og hátti til þar sem umrætt varp er staðsett. Þá nefndi hann að á tilteknum stað þar sem girðing liggja hafi áður verið 30 hreiður en séu engin lengur, eftir að hundar hafi hlaupið þar um. Hann gat þess að ef hundur væri inni á svæðinu í hálf tíma væri það til þess fallið að minnka varpið verulega og varanlega.
27. Ákærði kvaðst hafa margsinnis rætt við eigendur umræddrar tíkur um að gæta þess að hún kæmist ekki í varpið. Hann hafi mörg vor sagt þeim að nú yrði að binda tíkina því varpið væri að fara að hefjast. Samt hafi hún yfirleitt sloppið.

Skýrsla D

28. Í skýrslu D, eins af eigendum umrædds hunds, kvaðst hún hafa verið meðvituð um að hann hefði ítrekað hlaupið í kringum varpið en það hafi þó ekki verið búið að gerast árið 2024 fyrr en í umrætt sinn. Hún kvaðst ekki vita til þess að ferðir hundsins hefðu valdið tjóni. Hún kvaðst hafa vitað um friðlýsingu æðarvarpsins.

Skýrsla K

29. Í skýrslu K, dóttur ákærðu X, kom fram að hún hefði verið stödd í hjólhýsinu í umrætt sinn ásamt móður sinni. Hún hafi séð hundana út um gluggann en ekki orðið vitni að því þegar tíkin var skotin. Tíkin hafi verið búin að koma frekar oft þangað. Fyrst hafi hún alltaf leið sem liggja fyrir ofan tiltekinn veg en veturinn áður en atvik málsins gerðust hafi hún farið niður með sjónum.

Skýrslur lögreglumanna

30. Enn fremur gáfu tveir lögreglumenn skýrslur fyrir dómnum þar sem þeir greindu frá málsatvikum og staðfestu lögregluskýrslur sem þeir rituðu.

Helstu röksemdir ákærvalds

31. Af hálfu ákærvaldsins er vísað til þess að ákærða X hafi viðurkennt að hafa viðhaft þá háttsemi sem henni er gefin að sök, þ.e. að hafa skotið hundinn í umrætt sinn. Það sé því fyllilega sannað. Háttsemin fari gegn þeim lagaákvæðum sem vísað er til í ákæru. Heimild æðarræktenda til að skjóta dýr sem varpinu stafi hætta af takmarkist við refi, sbr. 5. mgr. 12. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

32. Ákærvaldið hafnar því að skilyrði neyðarréttar séu uppfyllt. Ekki liggi fyrir gögn sem staðfesti að tekjuskerðing hafi verið yfirvofandi vegna ferðar hundsins um varplandið og að hagsmunirnir sem felist í verðmæti hundsins séu að miklum mun minni í skilningi 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrir liggi að hundurinn hafi hlaupið um svæðið í 10 ár en engin gögn liggi fyrir um að hann hafi valdið tjóni á þeim tíma. Þá þurfi hið yfirvofandi tjón að vera af mannavöldum til að ákvæði 13. gr. almennra hegningarlaga um neyðarrétt geti átt við.

33. Hvað varðar vopnalagabrot vísar ákærvaldið til 1. mgr. 13. gr. vopnalaga nr. 16/1998, þess efnis að enginn megi eiga eða nota skotvopn, nauðsynlega íhluti og skotfæri nema hafa til þess tilskilin leyfi eða heimildir. Skotvopnaskírteini ákærðu hafi ekki verið í gildi á verknaðarstundu. Hvað varðar þær varnir sem byggjast á 31. og 32. gr. reglugerðar nr. 787/1998 um skotvopn, skotfæri o.fl. bendir ákærvaldið á að endurútgáfa leyfis sé ekki hið sama og endurnýjun þess. Því sé ekki hald í þeirri vörn ákærða Y að leyfi hans hefði átt að gilda í 10 ár frá þeim tíma þegar hann fékk heimild til að kaupa nýja byssu árið 2018. Þá sé skylt að gera skotvopnið upptækt, sbr. þau lagaákvæði sem vísað er til í ákæru hvað það snertir.

34. Hvað varðar ákvörðun refsingar krefst ákærvaldið þess að ákærðu X verði gerð sekt að fjárhæð 150.000 krónur, auk sakarkostnaðar.

Helstu röksemdir ákærðu

35. Ákærða X byggir kröfu sína um sýknu af ákæru um eignarspjöll á neyðarrétti. Umrætt atvik hafi átt sér stað inni í friðlýstu æðarvarpi, í þeim tilgangi að verja varpið fyrir hundi sem hafi verið búinn að valda ítrekuðum truflunum í varpinu síðastliðin 10 ár. Tekjur

ákærðu af varpinu hafi verið um 12 milljónir króna árið 2024 en reikna megi með því að hundurinn hafi verið nánast verðlaus.

36. Öll skilyrði neyðarréttar séu fyrir hendi, sbr. 13. gr. almennra hegningarlaga. *Í fyrsta lagi* hafi ákærða unnið verknaðinn í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni. Ákærðu hafi atvinnu og lífsviðurværi sitt m.a. af dúntekju í æðarvarpinu í landi A. Varpið falli bersýnilega undir lögmæta hagsmuni í skilningi tilvitnaðs lagaákvæðis. Neyðarréttarverk geti beinst gegn hverjum sem er og bitnað á hvaða lögmætu hagsmunum sem er.
37. *Í öðru lagi* hafi verkaðurinn falið í sér afstýringu á yfirvofandi hættu. Slíkar hættur verði ekki tæmandi taldar og geti m.a. stafað af ágangi dýra. Æðarvörp séu mjög viðkvæm á varptíma og friðlýst æðarvörp njóti þess vegna sérstakrar lagalegrar verndar. Það liggja í hlutarins eðli að hundar geti valdið stórtjóni á æðarvarpi á friðlýsingartímabili. Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. laga nr. 64/1994 njóti æðarræktendur m.a. undanþágu frá meginreglu 6. gr. laganna um að villt dýr séu friðuð. Þótt heimildin taki einungis til þess að skjóta refi megi jafna því við að skjóta hund sem veldur, eða er líklegur til að valda, tjóni innan friðlýsts æðarvarps enda sé hætta af völdum hunds sambærileg við hættu af völdum refs við þessar aðstæður. Slík undanþága væri ekki í lögunum ef ekki stafaði augljós hætta af því að refir kæmust í æðarvarp. Augljóst sé að mikil hætta hafi stafað af hundinum, sem hafi m.a. áður valdið tjóni á varpinu.
38. *Í þriðja lagi* verði að telja að neyðarréttarverk ákærðu X hafi verið nauðsynlegt í ljósi aðstæðna. Af hundinum hafi stafað augljós hætta og önnur og vægari úrræði hafi verið reynd án árangurs. Megi þar nefna tilraunir ákærðu til að ná hundinum, fæla hann frá varpinu og samskipti við eigendur hans. Eigendur hundsins hafi margsinnis, yfir langt tímabil, verið beðnir um að gæta þess að hundurinn færi ekki inn á friðlýsta æðarvarpið.
39. *Í fjórða lagi* séu þeir hagsmunir sem ákærða verndaði með verknaði sínum mikið mun verðmætari en þeir hagsmunir sem skertir voru. Ákærðu hafi haft atvinnu af dúntekjunni. Henni fylgi verulegir fjárhagslegir hagsmunir en árstekjur ákærðu af dúnsölu hafi verið rúmlega 12 milljónir króna árið 2024. Eyðilegging slíkra hagsmuna hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér, svo sem fjárhagslegt tap og mögulega eyðileggingu æðarvarpsins til frambúðar. Augljóst sé að slíkir hagsmunir séu mikið mun verðmætari en hundur sem sé a.m.k. 10 ára og hafi nánast ekkert verðgildi. Til dæmis megi benda á að líftrygging hunda hjá VÍS og Sjóvá falli niður við 10 ára aldur, við 9 ára aldur hjá

Verði og við 8 ára aldur hjá TM. Þá kosti hvolpur af sama kyni 350.000 krónur hjá hundaræktandanda, eins og framlögð gögn sýni.

40. Verði ekki fallist á sýknu er farið fram á að ákærða verði dæmd til vægustu refsingar sem lög heimila, enda hnígi öll rök til þess. Í því sambandi er af hálfu ákærðu vísað til 1., 2., 3., 8., og 9. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þeir hagsmunir sem hafi verið skertir með verknaðinum hafi hvorki verið yfirgripsmiklir né verðmætir. Lítil hætta hafi verið búin af verknaðinum og ákærða hafi sýnt af sér mikinn samstarfsvilja í kjölfar hans, jafnt gagnvart lögreglu og eigendum hundsins. Einnig er bent á að ákærða hafi hreinan sakarferil og enn fremur að færa megi refsingu niður fyrir lágmark á grundvelli 1. töluliðar 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga þegar maður hefur farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar eða neyðarréttar.
41. Um meint brot ákærðu X gegn vopnalögum nr. 16/1998 vísast til þess að ekki verði annað ráðið en að hún hafi haft gilt skotvopnaleyfi eða mátt ætla að svo hefði verið. Þannig eigi hvorki 13. né 36. gr. laganna við um hana. Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. reglugerðar nr. 787/1998 skuli endurútgefa skotvopnaleyfi í hvert sinn sem skotvopnaeign leyfishafa breytist og samkvæmt 4. mgr. 31. gr. reglugerðarinnar skuli gildistími skotvopnaleyfis vera 10 ár frá útgáfudegi. Hinn 7. maí 2018 hafi ákærði Y fengið heimild lögreglustjóra til að kaupa nýja byssu. Í framhaldi af kaupum á byssunni hafi lögreglustjóri endurútfengið skotvopnaleyfið og fært nýju byssuna inn á skírteini þeirra. Reyndar hafi það tekið lögreglustjóra tæp tvö ár að endurútgefa skotvopnaleyfið þrátt fyrir ítrekaðar óskir ákærðu um að það yrði gert. Því verði ekki annað ráðið en að skotvopnaleyfið hafi átt að gilda í 10 ár frá endurútgáfu eða til ársins 2030.
42. Lögreglustjóri hafi ekki tilkynnt ákærðu um að skotvopnaleyfið hefði skemmri gildistíma og ákærða hafi því mátt treysta því að leyfið gildi í 10 ár frá endurútgáfu samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar og þágildandi laga. Með réttu sé skotvopnaleyfi ákærðu enn í gildi og ákærða verði að teljast hafa verið í góðri trú, á verknaðarstundu, um að leyfið væri enn gilt. Þannig verði ekki annað séð en að ákærða hafi haft tilskilið leyfi eða mátt ætla að hún hefði slíkt leyfi. Vafa að þessu leyti verði að virða ákærðu í hag samkvæmt meginreglum refsiréttar.
43. Ákærði Y byggir sýknukröfu sína um upptöku á haglabyssunni aðallega á því að hann hafi haft gilt skotvopnaleyfi á þeim tíma þegar hundurinn var skotinn, sbr. framangreind sjónarmið þar að lútandi. Þannig sé byssan ekki í vörslum hans án heimildar né sú hún

ólögmæt og ekkert brot hafi verið framið með byssunni. Því eigi hvorki 1. né 2. mgr. 37. gr. vopnalaga við í málinu.

44. Þá verði að telja að upptaka skotvopnsins brjóti gegn meðalhófi. Ýmis sjónarmið mæli gegn upptöku skotvopnsins enda byggji ákærvaldið á því að brot ákærðu felist í því að láðst hafi að endurnýja leyfið, en slíkt geti vart talist alvarlegt brot.
45. *Í fyrsta lagi* hafi skotvopnaleyfi ákærða Y verið endurútféfið eftir þann verknað sem ákærðu X sé gefinn að sök. Slík endurútgáfa feli í sér viðurkenningu lögreglunnar á því að ákærði Y sé fær um að eiga skotvopn.
46. *Í öðru lagi* er á því byggt að það yrði mjög þungbært fyrir ákærða að missa skotvopn sitt, enda hafi ákærðu atvinnu og lífsviðurværi af æðarvarpinu. Upptaka skotvopna skilji varpið eftir varnarlaust fyrir árásum dýra, svo sem af völdum hunda eða refa. Slík aðstaða kunní að valda ákærðu tjóni sem sé langt umfram það sem geti talist eðlilegt viðbragð við þeim verknaði sem lýst sé í ákæru.
47. *Í þriðja lagi* séu til vægari úrræði í lögum. Megi þar nefna 8. mgr. 13. gr. vopnalaga sem heimili eigendum skotvopna að vera skráðir eigendur þeirra áfram eftir að skotvopnaleyfi rennur út meðan þau eru í umboðssölu þar sem heimilt sé að versla með slík skotvopn, nauðsynlega íhluti og skotfæri. Í ljósi aðstæðna megí einnig benda á að vægara úrræði hefði verið að krefjast jafnvirðisupptöku á grundvelli 2. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem talsvert þungbærara sé fyrir æðarræktendur að standa eftir vopnalausir heldur en að greiða sekt sem samsvari kostnaði skotvopnsins.
48. *Í fjórða lagi* megí benda á að langur tími sé liðinn frá þeim verknaði sem lýst er í ákæru. Það þjóni engum tilgangi að gera vopnið upptækt. Ákærðu hafi bæði hreinan sakarferil og noti vopnið í þeim eina tilgangi að verja æðarvarp sitt fyrir ólögmætum árásum sem ógni varpinu.
49. *Í fimmta lagi* megí benda á það að á verknaðarstundu hafi dóttir ákærðu X haft gilt skotvopnaleyfi. Samkvæmt leyfinu hafi hún haft leyfi til notkunar umrædds skotvopns. Upptaka á byssunni kæmi þannig í veg fyrir að hún gæti neytt réttar síns og varið varpið.
50. Sönnunarbyrði um sekt hvíli á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og meginreglan sé sú að allan vafa skuli meta sökuðum manni í hag. Skotvopnaleyfi Y hafi með réttu verið í gildi á verknaðarstundu en vegna mistaka lögreglu hafi láðst að gefa út skírteini með réttum upplýsingum. Slík mistök geti ekki

verið grundvöllur þess að skotvopnið sé gert upptækt. Þennan vafa verði að túlka ákærða í hag.

51. Loks er á það bent af hálfu ákærðu að með bréfi, dags. 5. september 2024, hafi MAST boðað að stjórnvaldssekt yrði lögð á ákærðu X vegna sama atviks. Henni hafi verið veittur andmælafrestur og andmælum verið komið á framfæri við MAST með bréfi, dags. 30. september 2024. Síðan hafi ekkert heyrst frá MAST, þ.e. hvorki hafi verið lögð á stjórnvaldssekt né málið fellt niður. Þannig verði ekki annað séð en að til standi að refsa henni tvisvar fyrir sama brot.

Forsendur og niðurstöður

52. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þá gildir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu. Samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti. Ef sannað telst að sá sem ákæru sætir hafi framið verknað sem þar er lýst, en varnir byggjast á hlutrænum refsileysisástaðum á borð við neyðarrétt hvílir á ákærða sönnunarbyrði um að þær séu fyrir hendi.

53. Ákærðu X er m.a. gefið að sök brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt 4. mgr. sömu lagagreinar skal einungis höfða mál út af slíku broti að sá sem misgert er við krefjist þess. Þetta skilyrði er uppfyllt með því að eigandi hundsins kvaðst við skýrslutöku hjá lögreglu 26. júní 2024 gera kröfu um að ákærðu X yrði refsað lögum samkvæmt.

54. Ákærða X hefur gengist við því að hafa skotið hundinn í umrætt sinn og að hafa gert það af ásettu ráði. Gögn málsins og skýrslur vitna í málinu styðja einnig eindregið að svo hafi verið. Því liggur fyrir lögfull sönnun um að hún hafi framið þann verknað sem lýst er í ákæru og að ásetningur hennar hafi staðið til þess. Með því eru uppfyllt hlutræn og huglæg skilyrði refsíabýrgðar samkvæmt 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem varðar eignaspjöll. Hún ber þó fyrir sig að það hafi hún gert af brýnni nauðsyn til að verja æðarvarpið fyrir yfirvofandi tjóni og að skilyrði neyðarréttar séu því uppfyllt, sbr. 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar kemur fram að það verk sé

refsilaust sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni.

55. Eins og hér stendur á verður að gera strangar kröfur um sönnun þess að skilyrði neyðarréttar séu uppfyllt. Í því sambandi er m.a. til þess að líta að dýrið sem ákærða skaut var ekki dýr sem lifði villt í náttúrunni heldur húsdýr af nærliggjandi bæ, sem háð var eignarrétti heimilisfólksins þar. Að því leyti eru atvik málsins frábrugðin þeim sem voru til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar frá 1966, bls. 54 í dómasafni, þar sem talið var að áfrýjanda hefði verið heimilt að skjóta örn í því skyni að verja eggver æðarfugla. Í skilyrðinu um nauðsyn, sbr. 13. gr. almennra hegningarlaga, felst að ákærða þarf að hafa sýnt fram á að engin vægari úrræði en að aflífa hundinn hafi verið möguleg til að verja varpið. Jafnframt þarf að vera sýnt fram á að yfirvofandi hætta hafi stafað af umferð hundsins hagsmunirnir sem hún fórnaði með því að aflífa hann hafi verið miklum mun minni en þeir hagsmunir sem hún var að vernda með því.
56. Eins og nánar er rakið í efnisgreinum nr. 15–17 hér að framan hafa verið lögð fyrir dóminn gögn þar sem fram kemur að á varptíma sé æðarvarp afar viðkvæmt fyrir truflun og að hætt sé við því að verulegt tjón geti orðið ef út af bregður. Kollur sem flæmist af hreiðrum vegna ónæðis snúi gjarnan ekki aftur þangað, hvorki á þeim sama varptíma né síðar. Því sé það lykilatriði við uppbyggingu slíks varps að vakta það og vernda gegn slíkri truflun. Meðal þess sem hefur komið fram er að hundar geti valdið slíku tjóni. Með þessu hefur að mati dómsins verið sýnt nægilega fram á það af hálfu ákærðu að umferð hundsins um varplandið á varptímanum hefði verið til þess fallin að valda verulegu tjóni.
57. Að virtum gögnum málsins og framburðum ákærðu og vitna fyrir dómnum er að mati dómsins alveg ljóst að þegar ákærða skaut hundinn gekk henni það eitt til að verja varpið fyrir tjóni sem hundurinn hefði annars getað valdið á varpinu, enda bendir ekkert sem fram hefur komið í málinu til þess að verkið hafi verið framið af illvilja gagnvart dýrinu eða eigendum þess. Framburður hennar um að hún hafi fyrst reynt að reka hundinn heim á leið, áður en hún greip til þess örprifaráðs að skjóta hann, er að mati dómsins trúverðugur. Því verður ekki séð að hún hafi átt þess kost að beita vægari úrræðum en að skjóta hundinn þegar hann hljóp í átt að varpinu, ef hún ætlaði á annað borð að verja það, enda þá komin upp staða þar sem taka þurfti ákvörðun á svipstundu.

58. Hér skiptir einnig máli að gögn málsins og framburðir fyrir dómnum benda til þess að áður en umrædd atvik áttu sér stað hafi ákærðu verið búin að leitast við að fyrirbyggja að hundurinn kæmi að varpinu, með samtölum við eigendur hans, þar sem þau munu hafa beðið þau um að gæta hundsins sérstaklega á varptímanum. Í þessu sambandi er m.a. til þess að líta að einn af eigendum hundsins kvaðst fyrir dómnum hafa vitað um friðlýsingu æðarvarpsins og jafnframt um að hundurinn hefði átt það til að hlaupa í kringum það. Þá liggja fyrir skilaboð milli ákærðu og eiganda hundsins, frá því í apríl 2024, þar sem fram kemur að tókurnar hafi verið að hlaupa í gegnum varpið.
59. Framlögð gögn um annars vegar tekjur ákærðu af sölu æðardúns og hins vegar um ætlað verðmæti hundsins, sbr. efnisgrein nr. 20 hér að framan, benda ótvírætt til þess að þeir hagsmunir sem ákærða var að vernda með verkinu, fyrir þeirri yfirvofandi hættu sem stafaði af hundinum, hafi verið miklum mun meiri en þeir hagsmunir sem hún fórnaði með því að aflífa hann.
60. Að teknu tilliti til alls þess sem hér hefur verið rakið verður fallist á að skilyrði neyðarréttar samkvæmt 13. gr. almennra hegningarlaga séu uppfyllt, enda ber umrætt lagaákvæði ekki með sér að það geti einungis átt við um yfirvofandi hættu af mannavöldum, eins og ákærvaldið byggir á. Sú háttsemi ákærðu sem hér um ræðir og ella hefði verið talin varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga er því refsilaus, í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem voru uppi þegar ákærða viðhafði hana.
61. Samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru felst meint brot ákærðu á vopnalögum nr. 16/1998 í því að hafa skotið að hundinum með byssunni í umrætt sinn án þess að hafa endurnýjað skotvopnaleyfi sitt. Í því sambandi vísar ákærvaldið um refsinemi til 1. mgr. 13. gr. laganna. Umrætt ákvæði snýr að því að eiga eða nota skotvopn, nauðsynlega íhluti eða skotfæri án tilskilinna leyfa eða heimilda en ekki að vörslu skotvopns. Fyrir liggur að skotvopnið var ekki í eigu ákærðu X heldur ákærða Y. Þá hefur að framan verið komist að þeirri niðurstöðu að henni hafi við þær sérstöku aðstæður sem uppi voru verið heimilt að aflífa hundinn, þar sem verkið hafi verið unnið á grundvelli neyðarréttar. Ekki verður séð að ákærðu hafi verið færar aðrar leiðir til þess á verknaðarstundu en sú að nota skotvopn í því skyni. Þau sjónarmið sem að framan voru rakin varðandi neyðarrétt eiga því einnig við um þann þátt háttsemi ákærðu að nota skotvopnið í þessu skyni án þess að skotvopnaleyfi hennar væri þá í gildi.

62. Eftir stendur að taka afstöðu til kröfu ákærvaldsins um að ákærða Y verði gert að sæta upptöku á haglabyssunni sem notuð var í umrætt sinn. Hvað það varðar vísar ákærvaldið til 1. og 2. mgr. 37. gr. vopnalaga og 1. mgr. 69. gr. a og 1. mgr. 69. gr. f í almennum hegningarlögum. Upptaka á grundvelli þeirra ákvæða almennra hegningarlaga sem hér voru nefnd, sem og 2. mgr. 37. gr. vopnalaga, er háð því að um sé að ræða hlut sem tengist framningu brots. Þessi ákvæði geta því ekki átt við í málinu þar sem komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að hinn umdeildi verknaður sé refsilaus. Upptaka skotvopns á grundvelli 1. mgr. 37. gr. vopnalaga snýr aftur á móti að því það sé í vörslu manns án heimildar. Fyrir liggur að ákærði hefur fengið skotvopnaleyfi sitt endurnýjað eftir umrædd atvik, sem og að það er nú í gildi og tekur m.a. til umrædds vopns. Auk þess snýr verknaðarlýsing ákæru ekki að vörslu vopnsins. Því eru engin efni til að fallast á kröfu ákærvaldsins um upptöku þess.
63. Að öllu framangreindu virtu verða ákærðu sýknuð af kröfum ákærvaldsins. Í ljósi þeirrar niðurstöðu ber að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Péturs Kristinssonar lögmanns, svo og annan kostnað vegna varnar þeirra, úr ríkissjóði, sbr. 235. gr. og a-lið 1. mgr. 233. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þóknunin þykir hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá hefur verjandi upplýst um kostnað vegna aksturs sem nemi 89.856 krónum. Samkvæmt yfirliti ákærvaldsins hefur ekki fallið til annar sakarkostnaður vegna meðferðar málsins.
64. Sigurður Hólmar Kristjánsson, settur lögreglustjóri, flutti málið af hálfu ákærvaldsins.
65. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærðu, X og Y, eru sýkn af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Péturs Kristinssonar lögmanns, 1.300.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og annar kostnaður vegna starfa verjandans, að fjárhæð 89.856 krónur.

Þorsteinn Magnússon